



LÍSA, samtök um landupplýsingar
á Íslandi

Reykjavík 24.febrúar 2020

Umsögn LÍSU samtaka um landupplýsingar

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (aðilar utan EES-svæðisins, landeignaskrá, ráðstöfun stórra landeigna, aukið gagnsæi o.fl.)

Almennt má segja að hér er um gott og nauðsynlegt framtak að ræða. Skráningum um eignarhald á landi hefur verið nokkuð ábótavant og frumvarpið bætir þar úr.

LÍSU samtökin telja afar mikilvægt ákvæði um aðgang að gögnum úr landeignaskrá skuli verða gjaldfrjálst, enda sé það í samræmi við anda laga um endurnot opinberra upplýsinga sbr. 3. gr.

"Kortagrunnur landeignaskrár skal vera aðgengilegur almenningi á rafrænu formi og án endurgjalds þar sem sýndar skulu upplýsingar um eignarmörk lands greint niður á skráningarnúmer. Aðgangur almennings að landeignaskrá skal einnig ná til upplýsinga um þinglýsta eigendur að landi og eignarhluti þeirra sem koma fram í þinglýsingarhluta fasteignaskrár."

Hér er um að ræða mikilvæg landfræðileg grunngögn sem skipta miklu máli fyrir mjög marga sem bæði skrá þessar upplýsingar nota þær.

Mikilvægt er að stjórnvöld skoði heildstætt og skilgreini hver eru grunngögn sem margir þurfi nauðsynlega aðgang að. Um leið þarf að skilgreina heildstætt gæði, uppfærslu og aðgengi að grunngögnum. Slík vinna hefur farið fram í nágrannalöndum okkar. Gott dæmi er t.d. <http://grunddata.dk/hvad-er-grunddata/>

Hugtakanotkun

Í daglegu máli er hugtakið landupplýsingar notað um landfræðileg gögn frá ólíkum aðilum og því réttara til þess að fyrirbyggja misskilning að tala um upplýsingar um land þar sem það á við í staðinn fyrir landupplýsingar.

Nokkur dæmi:

1) í 3. gr. "Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á **landupplýsingum**." verði "Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á **upplýsingum um land**."

2) Í kafla Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. 4.4 Ákvæði 3. gr.segir:

Markmið landeignaskrár er að tryggja yfirsýn og samræmda opinbera skráningu á **landupplýsingum** eins og fram kemur í nefndri grein frumvarpsins. Lagt til að verði notað **upplýsingum um land** í stað landupplýsinga. (bls. 23) og (bls .32)

3) 6. Mat á áhrifum. Eins og rakið hefur verið er skráningu á almennum landupplýsingum ábótavant, auk þess sem víða er skortur á upplýsingum um eignarhald og kaupverð fasteigna og tengd atriði.

LÍSU samtökin eru sammála um að víða eigi við að skráningu landupplýsinga sé ábótavant, en telja að í frumvarpinu hafi verið færð rök fyrir að skráningu upplýsinga um land sé ábótavant en ekki skráningu landupplýsinga almennt.

f.h stjórnar LÍSU


Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir
framkvæmdastjóri